

**Nr. 009 / 12 Birgir GK 263*****Skemmdir í höfn***

Skipaskr.nr. 2005  
 Smíðaður: Röðskær Noregi 1989 plast  
 Stærð: 12 brl. 13,7 bt.  
 Mesta lengd: 11,48 m Skráð lengd: 10,47 m  
 Breidd: 4,04 m Dýpt: 1,5 m  
 Vél: Isuzu 118 kW 1989  
 Fjöldi skipverja:



Birgir ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Lögregluskýrsla  
 Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. janúar 2012 var Birgir GK 263 við bryggju í Sandgerði. Veður: SV 15-28 m/s, fjara um miðnætti. (*SÍ - Veður og sjólag*)

Birgir GK lá utan á Ástu GK í höfninni en þegar komið var að honum snemma um morguninn var ljóst að landfestitóg hafði slitnað að framan vegna veðurs og báturinn skemmst. Byrðingur stb. megin brotnaði að framanverðu á samsetningu hvalbaks og neðri byrðings. Ekki urður skemmdir á öðrum bátum.



Myndin sýnir skemmdirnar á Birgir

***Við rannsókn kom fram:***

- að tógið sem slitnaði var úr nylon efni og sverleiki þess var 18-20 mm. Fram kom hjá skipstjóra að það hafi verið nýlegt, ástand þess gott og það aðeins notað fyrir landfestar;
- að skemmdirnar urðu bæði vegna ákomu við annan bát þegar báturinn slitnaði frá og þegar verið var að koma honum að bryggju aftur.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að huga vel að landfestum báta sínum þegar veðuraðstæður eru viðsjárverðar.